



Reykjavík, 2. júlí 2026  
MSS26070009

## **Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um beygjuakreinar á gatnamótum Höfðabakka og Bæjarháls**

Lagt er til að tveimur beygjuakreinum (hægribeygju-framhjáhlaupum) verði komið fyrir að nýju við gatnamót Höfðabakka og Bæjarháls í því skyni að greiða fyrir umferð á umræddum gatnamótum og í nágrenni þeirra. Ráðist verði í framkvæmdirnar nú í sumar og þeim lokið fyrir komandi vetur.

### **Greinargerð**

Ljóst er að þrenging gatnamóta Höfðabakka og Bæjarháls hefur verið til mikillar óþurftar og valdið miklum umferðartöfum á stóru svæði í austurhluta borgarinnar. Því er rétt að málið verði endurskoðað og umræddum beygjuakreinum komið fyrir þar að nýju.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti á fundi sínum 26. mars 2025 að tvær beygjuakreinar (hægribeygju-framhjáhlaup) yrðu fjarlægðar við gatnamót Höfðabakka og Bæjarháls. Ráðinu var við töku ákvörðunarinnar ekki kynnt skýrsla verkfræðifyrirtækisins Cowi um fyrirsjáanlegar umferðartafir af breytingunni, sem telja verður grundvallargagn í málinu. Ráðist var í umræddar framkvæmdir sumarið 2025 og þeim lokið um haustið.

Umrædd gatnamót gegna afar mikilvægu hlutverki fyrir Árbæjarhverfi og Ártúnsholt en einnig fyrir Breiðholt, Grafarvog og fleiri hverfi. Lokun beygjuakreinanna hefur haft umferðaröngþveiti í för með sér á sjálfum gatnamótunum á annatímum og valdið miklum umferðartöfum á stóru svæði í austurhluta borgarinnar.

Breytingin hefur einnig haft neikvæð áhrif á viðbragðstíma sjúkra- og slökkvibifreiða. Neyðarbílar í forgangsakstri frá slökkvistöðinni við Tunguháls fara oft um gatnamót Höfðabakka og Bæjarháls en verða nú fyrir viðbótartöfum þar vegna brotthvarfs beygjuakreinanna.



**Reykjavík**